



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til váttryggingafélaga

9. mars 2017

Tilvísun: 2017020010

Efni: Drög að reglum vegna tæknilegra framkvæmdarstaðla sem fylgja Solvency II

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út fjögur umræðuskjöl, nr. 3 – 6/2017. Umræðuskjölin innihalda drög að reglum til að innleiða tæknilega framkvæmdarstaðla sem fylgja Solvency II löggjöf ESB. Reglurnar verða settar með stoð í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Með þessu dreifibréfi gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>.

Í umræðuskjöllum nr. 3 - 4/2017 eru drög að reglum er varða gagnaskil þ.e. tæknilegir framkvæmdarstaðlar er varða form gagnaskila, annars vegar, og tæknilegir framkvæmdarstaðlar er varða ferli, snið og sniðmát vegna skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, hins vegar.

Í umræðuskjali nr. 5/2017 er að finna drög að reglum um tæknilega framkvæmdarstaðla sem mæla fyrir um ýmis tæknileg atriði til að tryggja samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar.

Í umræðuskjali nr. 6/2017 eru drög að reglum um tæknilega framkvæmdarstaðla með verklagi við mat á lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar og er m.a. kveðið á um að það skuli vera hluti af áhættustýringu váttryggingafélags, ef við á.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjöl berist eftirlitinu eigi síðar en 30. mars nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsiðum meðfylgjandi umræðuskjala. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Sigurður Freyr Jónatansson


Ásdís Nordal Snævarr